

LEIÐIR TIL AÐ STYÐJA AÐLÖGUN BARNA Í LEIKSKÓLUM ÁRBORGAR

HAGNÝTUR BÆKLINGUR FYRIR
FORELDRA OG STARFSMENN

KATARZYNA MONIKA KONIUSZY
2026

© 2026 Katarzyna Monika Koniuszy
Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í Leikskólakennarafræði
Leiðbeinandi: Dr. Bryndís Gunnarsdóttir, Aðjúnt

Deild kennslu- og menntunarfræði
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2026

Formáli

Þessi bæklingur fjallar um leiðir til að styðja aðlögun barna í leikskólum Árborgar og er ætlaður bæði foreldrum og starfsfólki leikskóla. Aðlögun er mikilvægur og viðkvæmur tími í lífi barns og fjölskyldu, þar sem barn stígur sín fyrstu skref inn í nýtt umhverfi, ný samskipti og nýja daglega rútinu.

Markmið bæklingins er að veita skýrar, hagnýtar og aðgengilegar upplýsingar um aðlögunarferlið, hvernig það fer fram og hvernig hægt er að skapa öryggi, traust og vellíðan barnsins á þessum fyrstu dögum í leikskóla. Fjallað verður um hlutverk foreldra og starfsfólks, mikilvægi samstarfs og samskipta, sem og leiðir til að mæta ólíkum þörfum barna og fjölskyldna. Einnig er fjallað um leik yngstu barnanna og mikilvægi óyrtra samskipta í tengslamyndun og daglegu starfi.

Bæklingurinn er ætlaður öllum sex leikskólum sveitarfélagsins Árborgar og inniheldur því svæði til útfyllingar fyrir deildarstjóra. Þannig verður bæklingurinn lagaður að starfsemi hverrar deildar og speglar skipulag og áherslur leikskólans. Í bæklingnum er einnig rými fyrir foreldra til að skrá hugleiðingar sínar, spurningar og athugasemdir. Með leiðbeinandi spurningum er foreldrum gefið tækifæri til að kynna sér leikskólann, deildina og daglegt starf á markvissan hátt og öðlast betri yfirsýn yfir upphaf leikskólagöngu barnsins.

Bæklingurinn er byggður á fræðilegum grunni, reynslu höfundar af starfi í leikskóla og samtölum við foreldra og starfsfólk. Hann er hugsaður sem hagnýtur stuðningur sem hægt er að hafa við höndina fyrir aðlögun og nýta í daglegu starfi leikskólanna í Árborg. Vonast er til að bæklingurinn nýtist sem gagnlegt verkfæri, styrki samstarf heimilis og leikskóla og stuðli að jákvæðri og farsælli aðlögun barna í leikskóla.

Gangi ykkur vel!

Efnisyfirlit

FORMÁLI	3
LEIKSKÓLABARN	5
LEIKSKÓLAR Í ÁRBORG	6
STEFNUR OG LEIÐARLJÓS ÁRBORGAR	7
UPPELDI SEM VIRKAR	8
LEIKUR	9
SAMSKIPTI	11
UM LEIKSKÓLANN	12
STJÓRNENDUR LEIKSKÓLANS	13
MILVÆGAR UPPLÝSINGAR	14
UM DEILDINA	18
SKIPULAG Á DEILDINNI	19
LEIKSKÓLATASKAN	20
AÐLÖGUN	21
FORM AÐLÖGUNAR	22
HEFÐBUNDIN AÐLÖGUN	23
ÞÁTTTÖKU AÐLÖGUN	25
LYKILPERSÓNAN	26
SPURNINGAR OG HUGLEIÐINGAR	27
HEIMILDIR	31

Leikskólabarn

Í dag hefst nýr og spennandi kafli í lífi mínu.

Ég er að byrja í leikskólanum og verða leikskólabarn. Þar mun ég leika mér, kynnast öðrum börnum, prófa ný leikföng, skoða bækur, teikna og uppgötva margt nýtt og skemmtilegt á hverjum degi.

Hér fyrir neðan er mynd af mér og táknið mitt, sem mun fylgja mér í leikskólanum og hjálpa mér að finna mitt pláss og eigur.

Mynd af barninu

Tákn barnsins

ÉG HEITI

ÉG Á AFMÆLI

Í dag fer ég í leikskólann.

Ég kem þangað með mömmu eða pabba.

Við göngum inn á deildina og hittum kennarana.

Kennararnir brosa og segja: „Velkomin!”

Ég finn staðinn minn og hengi upp fötin mín.

Svo má ég fara að leika.

Í leikskólanum eru leikföng og bækur.

Þar eru líka önnur börn sem ég get leikið mér með.

Við getum byggt, teiknað og leikið saman.

Stundum leikum við inni og stundum förum við út.

Kennararnir eru nálægt og hjálpa mér þegar ég þarf.

Í leikskólanum á ég góðar og skemmtilegar stundir.

Gaman að vera leikskólabarn!

Leikskólar í Árborg

VELKOMIN Í NÝJAN OG SPENNANDI KAFLA Í LÍFI BARNINS YKKAR OG FJÖLSKYLDUNNAR

Að hefja leikskólagöngu er mikilvægt skref sem felur í sér nýjar upplifanir, vináttu, leik og nám. Lögð er áhersla á að skapa hlýlegt og öruggt umhverfi þar sem hvert barn fær tíma, rými og stuðning til að aðlagast á sínum hraða.

Í Sveitarfélaginu Árborg starfa sex leikskólar. Fimm þeirra eru staðsettir á Selfossi: Álfheimar, Árbær, Goðheimar, Hulduheimar og Jötunheimar. Auk þess rekur leikskólinn Strandheimar tvær starfsstöðvar utan Selfoss, Brimver á Eyrarbakka og Æskukot á Stokkseyri.

Í leikskólum Árborgar er lögð áhersla á traust og náið samstarf við foreldra og forráðamenn. Með opnum samskiptum og gagnkvæmri virðingu byggjum við saman sterkan grunn að farsælli leikskólagöngu. Í öllum leikskólum byggir starfsemin á lögum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og menntastefnu Sveitarfélagsins Árborgar (Sveitarfélagið Árborg, e.d.-a).

Leikskólarnir eru fjölbreyttir að stærð, umhverfi og áherslum, en eiga það sameiginlegt að skapa öruggt og styðjandi námsumhverfi þar sem hvert barn fær að njóta sín á eigin forsendum. Í öllum leikskólum ber að tryggja að starfshættir byggist á virðingu fyrir réttindum barna og að tekið sé mið af fjölbreyttum bakgrunni þeirra, aðstæðum og getu (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2023).

Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að kynna sér efni bæklingarins vel og leita til leikskólans með spurningar eða vangaveltur sem kunna að vakna. Okkur er ávallt ánægja að eiga samtál og styðja ykkur á þessum mikilvæga tímamótum.

LEIKSKÓLINN ÁLFHEIMAR



LEIKSKÓLINN ÁRBÆR



LEIKSKÓLINN GOÐHEIMAR



LEIKSKÓLINN HULDUHEIMAR



LEIKSKÓLINN JÖTUNHEIMAR



LEIKSKÓLINN STRANDHEIMAR BRIMVER & ÆSKUKOT



Stefnur og leiðarljós Árborgar

AÐALNÁMSKRÁ LEIKSKÓLA

Aðalnámskrá leikskóla er grunnskjal sem segir til um hlutverk leikskóla og hvaða markmið eiga að liggja til grundvallar starfinu. Hún byggir á lögum um leikskóla (nr. 90/2008) og er leiðarvísir fyrir starfsfólk um það hvernig styðja má við nám, leik, velliðan og þroska barna.

Aðalnámskrá er einnig mikilvæg fyrir foreldra, þar sem hún sýnir hvaða gildi og áherslur eru í leikskólastarfi og hvað börn eiga rétt á að fá í leikskóla. Hún hjálpar þannig til við að skapa sameiginlegan skilning á markmiðum og starfi leikskólans (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2023).

SKÓLANÁMSKRÁ

Skólanámskrá er eitt mikilvægasta grunnskjal leikskólans sem sýnir hvernig leikskólinn vinnur að menntun og uppeldi barna í samræmi við lög og Aðalnámskrá leikskóla.

Í skólanámskránni er lýst áherslum leikskólans, gildum og markmiðum, ásamt skipulagi daglegs starfs. Þar kemur einnig fram hvernig leikskólinn styður við leik, nám og velliðan barna og tekur mið af fjölbreyttum þörfum þeirra. Hver leikskóli mótar sínar eigin starfsaðferðir og gerir þær sýnilegar í skólanámskrá og starfsáætlun leikskólans (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2023).

Skólanámskrá má finna á heimasíðu hvers leikskóla í Árborg.

MENNTASTEFNA ÁRBORGAR

Menntastefna Árborgar, *Vegur til visku og velferðar*, setur sameiginlegan ramma um allt starf með börnum og unglingum í sveitarfélaginu. Markmiðið er að öll börn hafi jafnan aðgang að vönduðu og inngildandi skóla- og frístundastarfi í öruggu og hvetjandi umhverfi. Áhersla er lögð á að börn fái tækifæri til að læra og þroskast í leik og námi, byggja upp jákvæða sjálfsmynd, upplifa velliðan og efla félagsfærni.

Stefnan er mótuð af þremur leiðarljósum: farsæld í fyrirrúmi, fjölbreytileika og faglegu lærdómssamfélagi (Sveitarfélagið Árborg, 2025a).

LÆSISSTEFNA ÁRBORGAR

Læsisstefna Árborgar, *Læsi til lífs og leiks*, er hluti af Menntastefnu Árborgar og byggir á Aðalnámskrá leik- og grunnskóla. Hún leggur áherslu á læsi í viðum skilningi, bæði málþroska, lestur og ritun, en einnig skilning á tölum, myndum og táknum.

Markmið stefnunnar er að styðja börn og unglinga í því að lesa, skilja, túlka og vinna gagnrýnið með upplýsingar í námi og leik. Jafnframt er lögð áhersla á gott samstarf heimila, skóla og frístundastarfs til að tryggja jöfn tækifæri og farsæld allra barna (Sveitarfélagið Árborg, 2025b).

Uppeldi sem virkar

FÆRNI TIL FRAMTÍÐAR

STAÐSETNING

DAGUR 1

DAGUR 2

DAGUR 3

DAGUR 4

LEIÐBEINENDUR NÁMSKEIÐSINS

ÞÁTTTÖKUGJALD

FORELDRANÁMSKEIÐ

Á foreldranámskeiðinu *Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar* er fjallað um leiðir til að stuðla að samræmi í uppeldi og skapa jákvæð og styðjandi uppeldisskilyrði. Lögð er áhersla á að efla þá færni sem nýtist barni til lengri tíma og styrkir samskipti innan fjölskyldunnar. Á námskeiðinu eru kynntar aðferðir sem miða að því að styrkja foreldrahlutverkið, ýta undir æskilega hegðun barna og takast á við áskoranir á uppbyggilegan hátt. Námskeiðið byggir á viðurkenndum fræðum og gagnreyndum aðferðum og hefur verið haldið um árabil með góðum árangri (Ísland.is, e.d.).

Námskeiðið hefur verið haldið í mörg ár og sýnt jákvæðan árangur. Efnið er sniðið að foreldrum barna á Íslandi og byggir á traustum fræðilegum grunni og gagnreyndum uppeldisaðferðum.

Námskeiðið byggir á bókinni *Uppeldisbókin*. Að byggja upp færni til framtíðar eftir Edward R. Christophersen og Susan L. Mortweet. Bókin hefur verið þýdd á íslensku af Gyðu Haraldsdóttur.

HÖFUNÐAR NÁMSKEIÐS

Gyða Haraldsdóttir, doktor í sálfræði
Lone Jensen, þroskajálfi.

LENGD NÁMSKEIÐS

Hvert námskeið er samtals 8 klukkustundir sem dreifist á fjórar vikur. Kennst er einu sinni í viku í tvær klukkustundir.

MARKHÓPUR NÁMSKEIÐSINS

Námskeiðið er ætlað foreldrum og forráðamönnum barna á leikskólaaldri. Báðir foreldrar eru hvattir til að sitja námskeiðið.

ÞÁTTTÖKUGJALD

Þátttökugjald er mismunandi eftir því hvort einn eða tveir foreldrar taka þátt.

LEIKUR

„Leikur er lífstjáning og órjúfanlegur þáttur bernskuáranna. Í leik lærir barn margt sem enginn getur kennt því. Mikið sjálfsnám felst því í leik, honum fylgir bæði gaman og alvara. Sjálfspróttinn leikur er námsleið ungra barna og skal því vera meginnámsleið í leikskóla. Leikur sem er sjálfspróttinn greinist frá öðru atferli í því að hann er leiddur af börnum; þau ákveða sjálf að leika, hvar og hvenær hann fer fram og um hvað þau leika. Þau semja reglur leiksins, skipuleggja upphaf, framvindu og lok hans.“

Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2023

NÁM Í GEGNUM LEIK

- Í leik skapast aðstæður þar sem börn leysa vandamál, prófa hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning.
- Nám fer fram á eigin forsendum barnsins og byggir á virkri þátttöku þess.
- Leikurinn veitir börnum tækifæri til að þróa sjálfstæði, sýna frumkvæði og axla ábyrgð á eigin athöfnum.
- Leikurinn er jafnframt vettvangur félagsnáms. Í samskiptum við önnur börn læra þau að semja, deila hugmyndum, setja mörk og taka tillit til sjónarmiða annarra.
- Í leik fléttast saman líkamleg, félagsleg og vitræn reynsla sem stuðlar að heildrænum þroska.
- Leikur getur aðeins þróast áfram þegar þátttakendur ná samkomulagi um reglur hans og samþykkja þær (Fleer, 2021).
- Leikurinn veitir börnum öruggt rými til að þróa smám saman markvissari og skýrari tjáningu (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2023).

HLUTVERK KENNARA Í LEIKNUM

- Kennari styður leik barna með virkri og meðvitaðri næveru; hann er á gólfinu, fylgjast með leik barnanna og taka þátt þegar við á (Hrönn Pálmadóttir og Guðrún Bjarkadóttir, 2012).
- Með leiðsögn og hvatningu styður kennarinn barnið í að taka þátt í leik með öðrum og getur komið með hugmynd að hlutverki sem styrkir stöðu þess í leiknum (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einaradóttir, 2012).
- Kennari styrkir öryggisfinningu þeirra og skapar aðstæður sem hvetja til dýpri og lengri leiks (Hrönn Pálmadóttir og Guðrún Bjarkadóttir, 2012).
- Kennari ber ábyrgð á að skipuleggja og undirbúa umhverfið þannig að það styðji við leik og nám barna (Wood, 2013).
- Kennari ber ábyrgð á að styðja barnið í að tjá skoðanir sínar og koma fram við það bæði til jafnaldra og fullorðna (Bae, 2012).

LEIKFORM BARNA

Leikur yngstu barna er margbreytilegur og tekur á sig mismunandi form eftir aldri og þroska. Hér á eftir er fjallað um nokkur algengustu leikform barna og helstu einkenni þeirra.

HLIÐARLEIKUR

Hliðarleikur er algengur hjá yngstu börnunum. Þá leika börn sér við hlið hvors annars með svipuð leikföng, en án þess að eiga bein samskipti. Með tímanum getur þessi leikur þróast í meiri samskipti og samvinnu milli barna (Fleer, 2021).

HREYFI- OG ÆRSLALEIKUR

Hann felur í sér kraftmikla hreyfingu og líkamlega tjáningu sem gegnir mikilvægu hlutverki í þroska og velliðan barna. Leikurinn er oft fullur af gleði og börn læra jafnframt að taka tillit til annarra og stjórna líkamlegri nálægð í samskiptum (Wood, 2013).

HÁSKALEIKUR

Hann felur í sér tækifæri til að takast á við áskoranir og prófa eigin mörk í öruggu umhverfi þar sem ákveðin áhætta er hluti af leiknum. Háskaleikur á sér stað að mestu leyti úti (Sandseter, 2013).

BYGGINGALEIKUR

Í byggingaleik nýta börn fjölbreyttan efnivið til uppbyggingar, meðal annars mismunandi tegundir kubba. Kubbar teljast til opins efniviðar, sem gefur börnum svigrúm til að nota hann á skapandi hátt og móta eigið leikumhverfi (Kristín Karlsdóttir og Sara Margrét Ólafsdóttir, 2022).

HLUTVERKA- OG ÞYKKJUSTULEIKUR

Í leiknum setji börn sig í spor annarra og skapi ímyndaðan heim þar sem þau leika hlutverk úr eigin reynslu. Í þessum leik móta þau sjálf reglur og fara eftir þeim. Hlutverkaleikur telst einn mikilvægasti þáttur í þroska, námi og líðan barna (Kristín Karlsdóttir og Sara Margrét Ólafsdóttir, 2022).

REGLULEIKUR

Regluleikur er leikur þar sem börn fylgja ákveðnum reglum. Í regluleik æfa börn sig í að biða eftir röð, taka tillit til annarra og virða sameiginlegar reglur. Þessi tegund leiks styður við félagsfærni barna og eflir samvinnu og samskipti þeirra (Fleer, 2021).

Samskipti

ÓYRT SAMSKIPTI

Óyrt samskipti eru mikilvægur hluti af samskiptum ungra barna. Börn tjá sig oft með líkamanum, svipbrigðum, augnsambandi og hljóðum áður en þau nota orð. Með þessum leiðum geta þau vakið athygli annarra, sýnt áhuga á samskiptum og gefið til kynna vilja til þátttöku (Maguire-Fong, 2020). Yngri börn nýta líkamsbundnar leiðir til að nálgast jafningja sína og byggja þannig upp fyrstu skref í félagslegri þátttöku (Corsaro, 2003). Börn herma einnig oft eftir hreyfingum, athöfnum eða hegðun annarra barna til að sýna áhuga og skapa tengsl (Bryndís Gunnarsdóttir og Amanda Bateman, 2022). Börn geta jafnvel notað hlutir og efniviður orðið vettvangur samskipta þar sem börn mynda tengsl sín á milli (Ylikörkkö o.fl., 2023).

Hér fyrir neðan má sjá dæmi um hvernig yngstu börn hefja samskipti.

LÍKAMSSTAÐA

Líkamsstaða getur gegnt mikilvægu hlutverki í samskiptum barna. Með því hvernig börn snúa sér, standa eða nálgast önnur börn geta þau sýnt áhuga á því sem er að gerast og vilja til að taka þátt í leik. Líkamsstaða getur gefið til kynna áhuga til samskipta og sýnt öðrum börnum að þau séu tilbúin að taka þátt í sameiginlegri athöfn (Bryndís Gunnarsdóttir o.fl., 2026).

AUGNSAMBAND, BROS OG SNERTING

Í óyrtum samskiptum barna gegna augnsamband, bros og snerting mikilvægu hlutverki. Börn nota þessar tjáningarleiðir til að sýna áhuga á öðrum og hefja samskipti við jafnaldra. Þessir þættir geta unnið saman og haft áhrif á hvort samskiptatílaun barns er samþykkt af öðrum. Rannsóknir benda þó til þess að augnsamband skipti sérstaklega miklu máli, þar sem samskipti milli barna eiga síður sér stað ef því er ekki svarað (Bryndís Gunnarsdóttir og Amanda Bateman, 2022).


HÚMOR

Ung börn nota oft hlátur og húmor í samskiptum við jafnaldra. Hlátur getur verið leið til að vekja athygli annarra barna og bjóða þeim að taka þátt í leik. Með hlátri, leikrænni raddbeitingu og hreyfingum geta börn einnig styrkt tengsl sín á milli og skapað stutt en mikilvæg augnablik samveru í leik. Svipbrigði skipta einnig máli þar sem börn geta lesið úr andlitssvip annarra (Bryndís Gunnarsdóttir og Amanda Bateman, 2024).

ATHUGUN OG EFTIRHERMA

Athugun og eftirherma eru mikilvægar leiðir í samskiptum ungra barna. Börn fylgjast með því sem gerist í kringum þau og taka eftir því sem önnur börn gera í leik. Þau herma oft eftir hreyfingum eða athöfnum annarra barna og geta þannig sýnt áhuga á samskiptum. Einnig ef barn fylgist með öðru barni og fer í átt að því getur það gefið til kynna að það vilji taka þátt í leik eða samskiptum. (Bryndís Gunnarsdóttir o.fl., 2026).

Um leikskólann




HUGMYNDAFRÆÐIN


EINKUNNARORÐ LEIKSKÓLANS

Stjórnendur leikskólans


Stjórnendur leikskóla bera ábyrgð á heildarskipulagi og faglegri forystu í leikskólanum. Þeir leiða daglegt starf, stuðla að öruggu og uppbyggjandi umhverfi fyrir börn, veita starfsfólki stuðning og sinna samskiptum við foreldra. Jafnframt sjá þeir til þess að starf leikskólans samræmist Aðalnámskrá leikskóla og gildandi lögum og reglum.



LEIKSKÓLASTJÓRI



AÐSTOÐARLEIKSKÓLASTJÓRI



SÉRKENNSLUSTJÓRI



Milvægar upplýsingar



OPNUNARTÍMAR

Leikskólar í Árborg eru opnir frá mánudegi til fimmtudags kl. 7:45–16:15 og á föstudögum kl. 7:45–14:00. Hægt er að breyta vistun til 15. hvers mánaðar og breytingin tekur gildi um næstu mánaðamót (Sveitarfélagið Árborg, e.d.-b).



SKÁNINGADAGAR

Í leikskólum Árborgar fara skráningar fram vegna dymbilviku, haustfrís, vetrarfrís og þorláksmessu. Einnig er boðið upp á skráningu fyrir vistun á föstudögum frá kl. 14:00–16:15. Allar skráningar eru auglýstar með fyrirvara (Sveitarfélagið Árborg, e.d.-b).



SKÓLADAGATAL

Leikskólinn gefur út skóladagatal árlega. Þar koma fram upplýsingar um lokunardaga, valfrjálsa skráningardaga og aðra mikilvæga daga á skólaárinu. Skóladagatalið er birt á heimasíðu leikskólans fyrir lok maí ár hvert (Sveitarfélagið Árborg, e.d.-b).



SKIPULAGSDAGAR

Í leikskólum Árborgar eru haldnir skipulags- og starfsdagar sem eru ætlaðir skipulagningu starfs og endurmenntun starfsfólks. Dagarnir eru ákveðnir fyrirfram og má finna þá í skóladagatali á heimasíðu leikskólans. ATH. Leikskólinn er lokaður á þessum dögum.



VALA-APPIÐ

Vala-appið er notað sem samskiptaleið milli heimilis og leikskóla. Þar fá forráðamenn upplýsingar um daglegt starf, tilkynningar og fréttir. Auk þess hafa þeir aðgang að skilaboðum, matseðlum og atburðadagatali.



BREYTINGAR Á DVALARTÍMA

Beiðni um breytingu á dvalartíma er send í gegnum leikskólakerfið *Vala.is* fyrir 15. dag hvers mánaðar. Breytingin tekur þá gildi frá 1. degi næsta mánaðar (Sveitarfélagið Árborg, e.d.-b).



SAMSKIPTI

Lögð er áhersla á jákvæð og opin samskipti milli heimilis og leikskóla. Dagleg upplýsingaskipti við komu og brottför barna eru mikilvægur þáttur í samstarfinu. Foreldrar eru hvattir til að koma á framfæri spurningum, hugmyndum og ábendingum (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2023).



SAMSTARF

Foreldraráð er vettvangur samstarfs milli foreldra og leikskólans. Þar gefst foreldrum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og taka þátt í umræðu um starfsemi leikskólans. Markmiðið er að efla traust og samvinnu í þágu barnanna (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2023).



FJÖLMENNING Í ÁRBORG

Í Sveitarfélaginu Árborg starfar faghópur sem vinnur að áætlanagerð og stefnumótun fyrir fjöltyngda nemendur og fjölskyldur þeirra. Í hópnum eru fulltrúar frá öllum leikskólum og grunnskólum í Árborg, auk Fjölbrotaskóla Suðurlands og skólaþjónustu Árborgar (Sveitarfélagið Árborg, 2022).



FARSÆLD BARNNA

Í Árborg er unnið markvisst að því að styðja farsæld og velferð barna. Í því samhengi er 8-víti æskunnar notaður sem sameiginleg leið til að ræða helstu þætti velferðar og efla samstarf heimilis og leikskóla (Sveitarfélagið Árborg, e.d.-c).



HVER SÆKIR

Foreldrar skrá nöfn og símanúmer þeirra aðila sem hafa heimild til að sækja barn sitt. Ef annar en sá sem er á listanum kemur til að sækja barnið, eru foreldrar beðnir um að láta leikskólann vita fyrirfram, annaðhvort í gegnum Völu eða símleiðis.



KVEÐJUSTUND

Stutt og skýr kveðja hjálpar barninu að skilja að foreldrið fer og kemur aftur. Löng kveðjustund getur aukið óöryggi og streitu, því er mikilvægt að foreldrar og starfsfólk samræmi sig um hvað hentar barninu best (Sigríður Síta Pétursdóttir, 2024).



SKIPULAGT STARF

Skipulag starfs í leikskólum Árborgar gildir frá 15. september til 15. maí ár hvert og byggir á uppeldi og námi barna í gegnum leik. Að því tímabili loknu er framkvæmt skólamat til að tryggja réttindi barna og gæði þeirrar menntunar og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum að veita (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2023).



FORELDRARÁÐ

Foreldraráð er vettvangur samstarfs milli foreldra og leikskólans. Þar gefst foreldrum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og taka þátt í umræðu um starfsemi leikskólans. Markmiðið er að efla traust og samvinnu í þágu barnanna (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2023).



MATUR

Börnum er boðið upp á þrjár næringarríkar máltíðir yfir daginn. Auk þess fá þau ávexti daglega. Lögð er áhersla á hollt og fjölbreytt fæði sem styður við velliðan, orku og þroska barnanna. Hægt er að nálgast mánaðarlegan matseðil á heimasíðu leikskólans og á Völu.



HVÍLD

Öll börn fá daglega tækifæri til hvíldar. Yngri börn sofa eða hvílast en eldri börn njóta rólegrar stundar þar sem sögulestur og slökun eru í fyrirrúmi. Hvíldin gefur börnunum tækifæri til að safna kröftum og finna ró áður en dagurinn heldur áfram.



OFNÆMI

Foreldrar eða forráðamenn skulu upplýsa leikskólann um ofnæmi barna og leggja fram læknisvottorð. Jafnframt er þeirra ábyrgð að veita skýrar leiðbeiningar um viðbrögð ef ofnæmiseinkenni koma fram og hvaða lyf skuli gefa, ef við á.



AFMÆLI

Í leikskólanum eru afmæli barnanna haldin hátíðleg. Afmælisbarnið býr til afmæliskórónu, sunginn er afmælissöngur og börnin eiga saman notalega stund. Boðið er upp á ávexti eða saltstangir. Leikskólinn sér um afmælishaldið og foreldrar þurfa því ekki að koma með veitingar.



SUMARLOKUN

Sumarleyfi í leikskólum Árborgar fela í sér lokun í samtals 24 virka daga á tímabilinu júlí-ágúst ár hvert. Nákvæmar dagsetningar eru birtar í dagatali leikskólans í upphafi skólaárs (Sveitarfélagið Árborg, e.d.-b).



VIÐBÓTAR SUMARFRÍ

Foreldrar geta óskað eftir allt að 10 dögum í aukið sumarfrí fyrir barn sitt í tengslum við sumarlokun leikskólans. Leikskólagjöld falla niður á þessum dögum. Hægt er að nýta dagana bæði fyrir og eftir lokun. Umsókn þarf að berast í gegnum Völu fyrir 1. mars ár hvert (Sveitarfélagið Árborg, e.d.-b).



JÓLAFRÍ

Leikskólar í Árborg eru lokaðir frá 24. desember til og með 1. janúar vegna jólahátíðar og áramóta. Leikskólagjöld haldast óbreytt þrátt fyrir lokunardaga á þessu tímabili (Sveitarfélagið Árborg, e.d.-b).



SYSTKINAAFSLÁTTUR

Foreldrar með fleiri en eitt barn í þjónustu Árborgar geta fengið systkinaafslátt samkvæmt gjaldskrá. Afslátturinn er aðeins veittur af námsgjaldi og miðast við elsta barnið. Hann getur einnig gilt milli leikskóla, frístundaheimila og dagforeldra (Sveitarfélagið Árborg, e.d.-b).



VEIKINDI BARNA

Ef veikindi valda því að barn er frá leikskóla í 4 vikur eða lengur geta foreldrar óskað eftir niðurfellingu fæðisgjalds. Námsgjald er þó alltaf greitt. Læknisvottorð þarf að senda á leikskólastjóra (Sveitarfélagið Árborg, e.d.-b).



LÆGRI GJALDTAKA


Hægt er að sækja um lægri gjaldtöku ef annaðhvort báðir foreldrar eru í fullu námi í háskóla eða framhaldsskóla, eða ef foreldri er skráð einstætt í þjóðskrá. Í báðum tilvikum þarf að skila viðeigandi vottorðum (Sveitarfélagið Árborg, e.d.-b).

Um deildina




Deildin mín heitir _____ .

Á deildinni eru _____ börn og starfa þar _____ kennarar. Lögð er áhersla á að skapa umhverfi sem byggir á trausti, hlýju og öryggi, þar sem börnin fá að mynda sterk tengsl, upplifa vellíðan og þroskast í eigin takti í gegnum leik og daglegt starf.





DEILDASTJÓRI



Skipulag á deildinni

Daglegt skipulag er mikilvægur hluti af starfi leikskólans og styður við vellíðan barna. Skipulagður dagur stuðlar að öryggi, eykur ró og styrkir daglega rútinu.

Hér fyrir neðan má sjá skipulag deildirnar og helstu þætti starfsins okkar.

TÍMI	LÝSING

Leikskólataskan

Í leikskólum Árborgar er sameiginlegt markmið að börnum líði vel og finni til öryggis í leik og starfi, bæði inni og úti. Til að styðja við vellíðan þeirra er mikilvægt að börn séu klædd í þægilegan fatnað sem hentar aðstæðum hverju sinni. Fötin eiga að halda þeim hlýjum og þurrum og gefa þeim frelsi til að hreyfa sig og taka virkan þátt í leik og daglegu starfi.

Til að forðast að föt tynist minnum við á að öll föt og eigur barna séu merkt með nafni. Muna að tæma hólfin á föstudögum.

FATAKLEFI

- ☐ Hlý peysa
- ☐ Hlýjar buxur
- ☐ Kuldagalli
- ☐ Pollagalli
- ☐ Úlpa
- ☐ Húfa
- ☐ Lambhúshetta
- ☐ Ullasokkar
- ☐ 2-3 pör af vettlingum
- ☐ Kuldaskór yfir vetrartímann
- ☐ Léttir skór yfir sumartímann
- ☐ Létt húfa eða buff yfir sumartímann
- ☐ Stígvél
- ☐ _____
- ☐ _____

AUKAFÖT

- ☐ Buxur
- ☐ Nærföt eftir þörfum
- ☐ Sokkar
- ☐ Sokkabuxur
- ☐ Peysa
- ☐ Ef barnið er að hætta með bleyju þarf að bæta við aukafötum meðan það gengur yfir
- ☐ _____
- ☐ _____

AÐLÖGUN

Að byrja í leikskóla er stórt skref og mikil breyting í lífi barns og fjölskyldu. Fyrstu dagarnir geta vakið bæði spennu og ýmsar tilfinningar, enda eru nýjar aðstæður, nýtt umhverfi og nýjar rútínur framundan (White o.fl., 2020). Þegar barn hefur leikskólagöngu er mikilvægt að foreldrar og leikskóli byggji strax upp gott samstarf þar sem velferð og vellíðan barnsins er í forgrunni.

Starfsfólk leikskólans á að sýna fjölskyldum virðingu og skilning, óháð bakgrunni, fjölskyldugerð eða menningu (Mennta- og barnamálaráðuneyti, 2023).

HVAÐ SKIPTIR MESTU MÁLI Í AÐLÖGUN?

- Aðlögun gengur best þegar foreldrar og starfsfólk vinna saman.
- Mikilvægt er að ferlið sé stigvaxandi, með skýrum og rólegum rútínum.
- Hljá, næmni og skjót viðbrögð starfsfólks auka öryggi barnsins.
- Styttri viðvera í byrjun og rólegt umhverfi styður við aðlögun.
- Einstaklingsmiðaður stuðningur og góð skráning hjálpa til við að mæta þörfum barnsins (van Trijp o.fl., 2025).

HVERNIG GETA FORELDRAR STUTT BARNIÐ SITT?

- Heimsóknir og kynning fyrir innritun geta dregið úr streitu.
- Jákvætt viðhorf og ró foreldra getur hjálpað barninu að finna öryggi og aðlagast leikskólanum.
- Eftir dag í leikskólanum er mikilvægt að barnið fái nánd, hlýju og skilning heima, svo það geti róast og náð jafnvægi (van Trijp o.fl., 2025).
- Foreldrar eru brú milli heimilis og leikskóla (Nystad o.fl., 2021).
- Kunnuglegur hlutur, eins og mynd af fjölskyldunni eða uppáhaldsbangsí, getur stutt barnið og veitt því öryggi í aðlöguninni (Sigríður Síta Pétursdóttir, 2024).

Form aðlögunar

Á Íslandi eru algengastar tvær leiðir við aðlögun barna í leikskóla: hefðbundin aðlögun og þátttökuaðlögun. Leiðirnar eru ólíkar að því leyti hvernig fyrstu dagarnir eru skipulagðir, hversu mikið foreldrar taka þátt og hvernig samstarf heimilis og leikskóla mótast í upphafi leikskólagöngu barnsins (Kristín Dýrfjörð, 2017).



HEFÐBUNDIN AÐLÖGUN

- Deildarstjórar hefja aðlögun á samtali við foreldra, sýna húsnæðið og segja frá starfinu.
- Barnið kemur í leikskólann með foreldri og dvelur stutt fyrsta daginn.
- Næstu daga er foreldrið áfram með barninu, en kveður barnið og fer í stuttar stundir út af deildinni, t.d. inn á kaffistofu.
- Fjarvera foreldra lengist eftir því sem barnið verður öruggara.
- Aðlögunin tekur oft um viku, en getur tekið lengri tíma ef þess þarf, í samráði við foreldra.
- Stundum eru fleiri en eitt barn í aðlögun á sama tíma (Kristín Dýrfjörð, 2009).



ÞÁTTTÖKU AÐLÖGUN

- Byggir á hugmyndafræði Reggio Emilia og sýn á barnið sem virkan og hæfan þátttakanda í eigin námi.
- Áður en aðlögun hefst mæta foreldrar og barn í heimsókn í leikskólann og eiga samtal við deildarstjóra þar sem skipulag og væntingar eru ræddar.
- Fyrsta daginn mæta foreldrar og barn saman til að skapa öryggi og styrkja traust í nýju umhverfi.
- Foreldrar taka virkan þátt og fá þannig skýra mynd af daglegu starfi, skipulagi og námsumhverfi leikskólans.
- Aðlögunin stendur yfirleitt í fjóra daga og fer fram í nánú samráði við foreldra.
- Á fjórða degi fylgja foreldrar barninu í leikskólann, kveðja það að morgni og barnið dvelur þar áfram með starfsfólki (Kristín Dýrfjörð, 2009; 2012).

Hefðbundin aðlögun

ADLÖGURNAFERLI

DAGUR 1

Mæting foreldra
kl. _____

Foreldri mætir eitt til fundar við deildarstjóra á fyrsta degi aðlögunar.

Í þessu samtali fær deildarstjóri mikilvægar upplýsingar um barnið, svo sem áhuga þess, venjur, styrkleika og þarfir. Foreldrar fá jafnframt kynningu á leikskólanum, starfsháttum hans, skipulagi dagsins og helstu áherslum í starfi deildarinnar. Einnig skapast tækifæri til að ræða væntingar, svara spurningum og leggja grunn að traustu samstarfi og gagnkvæmu trausti frá upphafi.

DAGUR 2

Mæting kl. _____

Lengd viðveru barnsins _____

DAGUR 3

Mæting kl. _____

Lengd viðveru barnsins _____

DAGUR 4

Mæting kl. _____

Lengd viðveru barnsins _____

Hefðbundin aðlögun

ADLÖGURNAFERLI

DAGUR 5

Mæting kl. _____

Lengd viðveru barnsins _____

DAGUR 6

Mæting kl. _____

Lengd viðveru barnsins _____

DAGUR 7

Mæting kl. _____

Lengd viðveru barnsins _____

DAGUR 8

Mæting kl. _____

Lengd viðveru barnsins _____

Þátttökuaðlögun

AÐLÖGUNARFERLI

DAGUR 1

Mæting kl. _____
með foreldri

Barn og foreldri fara heim kl. _____

DAGUR 2

Mæting kl. _____
með foreldri

Barn og foreldri fara heim kl. _____

DAGUR 3

Mæting kl. _____
með foreldri

Barn og foreldri fara heim kl. _____

DAGUR 4

Mæting kl. _____
án foreldra

Barn er sótt kl. _____

Lykilpersónan

HVAÐ ER LYKILPERSÓNA?

Lykilpersóna er starfsmaður sem gegnir lykilhlutverki í því að byggja upp tengsl og öryggi barns í leikskóla. Hún er sá fullorðni sem barnið getur leitað til og treyst á, sérstaklega á fyrstu dögum í leikskólanum (Goldschmied og Jackson, 2024). Lykilpersónan styður barnið í að takast á við aðskilnað, hjálpar því að mynda jákvæð samskipti við önnur börn og fullorðna og skapar örugga brú milli heimilis og leikskóla (Hrönn Pálmadóttir, 2020; Nystad o.fl., 2021; White o.fl., 2020).

HLUTVERK LYKILPERSÓNU

Í daglegu starfi er lykilpersónan oft sérstaklega nálæg barninu og veitir því stuðning í aðstæðum þar sem barnið þarf gjarnan meira öryggi og ró, til dæmis:

- við komu í leikskólann
- í leik
- í matartíma
- í útiveru
- í hvíld
- í nýjum aðstæðum
- í skiptum á milli athafna

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

- Foreldrar og forráðamenn geta haft samband við lykilpersónu barnsins ef spurningar vakna eða ef mikilvægt er að miðla ákveðnum upplýsingum.
- Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að nefna lykilpersónu barnsins heima, til að styrkja öryggi og samræmi milli heimilis og leikskóla.
- Ef lykilpersóna er fjarverandi tekur annar starfsmaður við hlutverkinu tímabundið.
- Þótt lykilpersóna gegni lykilhlutverki er allt starfsfólk deildarinnar meðvitað um þarfir barnsins og vinnur saman að vellíðan þess.

LYKILPERSÓNA BARNINS

Spurningar og hugleiðingar

DAGUR 1

DAGUR 2

DAGUR 3

DAGUR 4

Spurningar og hugleiðingar

DAGUR 5

DAGUR 6

DAGUR 7

DAGUR 8

Spurningar og hugleiðingar

HVAÐ VIL ÉG SPYRJA UM?

ERU EINHVERJAR SPURNINGAR SEM ÉG VIL RÆÐA VIÐ STARFSFÓLK?

HVAÐ ER MIKILVÆGT FYRIR MIG AÐ FÁ AÐ VITA?

HVAÐA ATRÍÐI ERU ÓLJÓS EÐA ÓVISS?

Spurningar og hugleiðingar

HVERNIG LÍÐUR BARNINU MÍNU ÞESSA DAGANA?

HVAÐ GENGUR VEL?

ER EITTHVAÐ SEM GETUR HJÁLPAÐ BARNINU MÍNU Í AÐLÖGUN?

HVAÐ HEF ÉG TEKID EFTIR HJÁ BARNINU MÍNU?

Heimildir

- Bae, B. (2012). Children and teachers as partners in communication: Focus on spacious and narrow interactional patterns. *International Journal of Early Childhood*, 44, 53-69.
<https://doi.org/10.1007/s13158-012-0052-3>
- Bryndís Gunnarsdóttir og Amanda Bateman. (2022). Initiating interactions in the toddler peer group: Embodied conversation starters. *Research on Children and Social Interaction*, 6(1), 5-29.
<https://doi.org/10.1558/rcsi.22739>
- Bryndís Gunnarsdóttir og Amanda Bateman. (2024). Moments of togetherness: humour and playful interactions in the toddler peer group. *Early Years: An International Research Journal*, 45(1), 1-16.
<https://doi.org/10.1080/09575146.2024.2404109>
- Bryndís Gunnarsdóttir, Hrönn Pálmadóttir og Amanda Bateman. (2026). Observing and imitating as a pre-opening: Exploring toddler sociality in the peer group. *Journal of Pragmatics*, 256, 31-42.
<https://doi.org/10.1016/j.pragma.2026.02.003>
- Corsaro, W. A. (2003). *We're friends, right? Inside kids' culture*. Joseph Henry Press.
- Fleer M. (2021). *Play in the early years* (3. útgáfa). Cambridge University.
- Goldschmied, E. og Jackson, S. (2004). *People under three: young children in day care* (2 útgáfa). Routledge.
<https://doi.org/10.4324/9780203511381>
- Hrönn Pálmadóttir. (2020). Viðhorf leikskólakennara og leiðbeinanda til upphafs leikskólagöngu barn. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2020.3>
- Hrönn Pálmadóttir og Guðrún Bjarnadóttir. (2012). Merkingarsköpun ungra barna í hreyfingu og leik. Í Jóhanna Einarssdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 29-48). Háskólaútgáfan.
- Ísland.is. (e.d.). *Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar*.
<https://island.is/frett/uppeldi-sem-virkar-færni-til-framtidar>
- Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarssdóttir. (2012). „Við getum kennt þeim svo margt í gegnum leik“: Hlutverk þriggja leikskólakennara í leik barna. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*.
<https://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/007.pdf>
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Kristín Dýrfjörð. (2009). Þátttökuaðlögun - nýtt aðlögunarform í leikskóla. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X: Félags- og mannvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2009*, bls. 681-690. Rannsóknir í félagsvísindum; Nr. X. University of Iceland.
<http://hdl.handle.net/1946/7600>

- Kristín Dýrfjörð. (2012). Þátttökuaðlögun. *Laupur*. <https://www.laupur.is/thatttokuadlogun/>
- Kristín Dýrfjörð. (2017, 15. desember). Aðlögun – upphaf leikskólagöngu. *Laupur*. <https://www.laupur.is/portfolio-item/fra-adlogun-til-upphafs-leikskolagongu-2/>
- Kristín Karlsdóttir og Sara Margrét Ólafsdóttir. (2022). Gildi leiks í námi leikskólabarna. Í Jóhanna Einarsdóttir (Ritstj.), *Leikandinn: Greinar um menntun ungra barna* (bls. 189-213). Háskólaútgáfan.
- Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2023). *Aðalnámskrá leikskóla 2023*. <https://www.adalnamskra.is/leikskoli>
- Nystad, K., Drugli, M. B., Lydersen, S., Lekhal, R., og Buøen, E. S. (2021). Toddlers' stress during transition to childcare. *European Early Childhood Education Research Journal*, 29(2), 157-182. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2021.1895269>
- Sandseter, E. (2013). Learning risk management through play. Í Lillemyr, S. Dockett og B. Perry (Ritstj.), *Varied perspectives on play and learning: theory and research on early years education* (bls. 141- 157). Information Age Publishing.
- Sigríður Síta Pétursdóttir. (2024). Að byrja í leikskóla: Mikilvægi góðrar aðlögunar. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 33(1), 185-201. <https://doi.org/10.24270/tuom.2024.33.11>
- Sveitarfélagið Árborg. (e.d.-a). *Leikskólar*. <https://www.arborg.is/ibuar/skolar-og-daggaesla/leikskolar/>
- Sveitarfélagið Árborg. (e.d.-b). *Reglur um leikskóla í Árborg*. <https://www.arborg.is/media/reglur/Reglur-um-leikskola-Arborgar-breyting-juni-2025.pdf>
- Sveitarfélagið Árborg. (e.d.-c). *Farsæld barna í Árborg með 8-vita æskunnar*. <https://www.arborg.is/ibuar/skolar-og-daggaesla/farsaeld/>
- Sveitarfélagið Árborg. (2022). *Fjölmennningarleg menntun í Sveitarfélaginu Árborg. Handbók fyrir leik- og grunnskóla Árborgar*. Fjölskyldusvið Árborgar. <https://fjolmenning.arborg.is/menntun/handbok/>
- Sveitarfélagið Árborg. (2025a). *Vegur til visku og velferðar. Menntastefna Sveitarfélagsins Árborgar til 2030*. <https://www.arborg.is/ibuar/skolar-og-daggaesla/menntastefna-til-2030/>
- Sveitarfélagið Árborg. (2025b). *Læsi til lífs og leiks. Læsisstefna Sveitarfélagsins Árborgar til 2030*. <https://www.arborg.is/ibuar/skolar-og-daggaesla/laesisstefna-til-2030/>
- van Trijp, C. P. J., Ree, M., Belland, T. E., Esmaeeli, S., Eidsvåg, G. M., Asikanius, M. A. og Rosell, L. Y. (2025). A systematic scoping review on the transition of under-3-year-old children from home to early childhood education and care. *Education Sciences*, 15(5), 589. <https://doi.org/10.3390/educsci15050589>
- Wood, E. (2013). *Play, learning and the early childhood curriculum* (3. útgáfa). SAGE.
- White, E. J. , Rutanen, N., Marwick, H., Souza Amorim, K., Karagiannidou, E. og Herold, L. K. M. (2020). Expectations and emotions concerning infant transitions to ECEC: international dialogues with parents and teachers, *European Early Childhood Education Research Journal*, 28(3), 363-374. <https://doi.org/10.1080/1350293X.2020.1755495>
- Ylikörkkö E.M., Karjalainen, S. og Puroila, A.M. (2023). Toddlers with the doll carriage: Children doing space of participation in early childhood education. *Early Childhood Education Journal* 53, bls. 329-340. <https://doi.org/10.1007/s10643-023-01514-7>